

Árið 2015

263. fundur

Miðvikudaginn 8. júlí 2015, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Sigurður Loftsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Jóhannes Æ. Jónsson, og Sverrir Björn Björnsson. Björg Bjarnadóttir boðaði forföll.

Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Skipun nýrrar verðlagsnefndar 2015-2016.

Formaður lagði fram dagskrá sem var samþykkt og bauð hann fundarmenn velkomna til starfa eftir rúmlega eins árs hlé á störfum nefndarinnar. Varamaður Bjargar Bjarnadóttur, Guðmundur Gils Einarsson hafði ekki tók á að mæta. Samtök launþega, þ.e. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og stjórn Alþýðusambands Íslands höfðu ákveðið að nýta ekki rétt sinn til tilnefningar. Með vísun til þessa og í samræmi við 2. másl. 7. mgr. 7. gr. laga nr. 99/1993 skal sá ráðherra er fer með málefni vinnnumakaðar tilnefna tvo fulltrúa til starfa í verðlagsnefnd búvara. Í ljósi þess var óskað eftir að félags- og húsnæðismálaráðherra tilnefndi tvo fulltrúa í nefndina í samræmi við lög. Skipað er í nefndina eitt ár í senn frá 1. júlí til 30. júní.

Rætt var um nýútkomnar skýrslur Hagfræðistofnunar „Mjólkurvöruframleiðsla á Íslandi – Staða og horfur“ og skýrslu ríkisendurskoðunar um störf verðlagsnefndar búvara, frá 30. apríl sl.

2. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní 2014.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. júní 2014, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður lækkaði frá því í mars 2014 um kr. 5.094 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.204.453. Grundvöllurinn hefur lækkað um liðlega 0,02% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.837.775 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Tekjur grundvallarins er kr. 27.148.557. Staðfesting grundvallarins var frestað.

3. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús september 2014.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. september 2014, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í júní 2014 um kr. 15.867 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.220.320. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 0,0048% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.847.740 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Tekjur grundvallarins er kr. 27.148.557. Staðfesting grundvallarins var frestað.

4. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús desember 2014.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2014, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í september 2014 um kr. 8.237 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.212.083. Grundvöllurinn hefur hækkað um tæplega 0,23% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 34.925.977 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Tekjur grundvallarins er kr. 27.148.557. Staðfesting grundvallarins var frestað.

5. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús mars 2015.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2015, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Gerð var breyting 1. mars 2015 vegna breytts vaxtastigs úr 4,25% í 4,40%. Þar af leiðandi hefur sá liður hækkað frá því í desember 2014 um kr. 96.161 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.308.243. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 0,65% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.073.170 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Samkvæmt verðlagsgrundvöllinum er miðað við 188.000 lítra bú og er greitt frá afurðastöð 82,92

kr. á hvern líter. Heildargreiðslumark mjólkur árið 2015 var ákveðið 140 millj. lítra og verða því beingreiðslur sem hér segir: Beingreiðslur 39,56, kr./ltr, kynbóta og þróunarstarfsemi 1,18 kr./ltr, gripagreiðslur 4,21 kr./ltr og óframleiðslutengdur stuðningur 1,37 kr./ltr. eða samtals kr. 46,32 pr. líter. Tekjur grundvallarins er kr. 26.219.837. Staðfesting grundvallarins var frestað.

6. Framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús júní 2015.

Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. júní 2015, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í mars 2015 um kr. 3.315 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.311.558. Grundvöllurinn hefur hækkað um tæplega 1,74% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.453.264 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Hefur þar einkum áhrif hækkun launavísitölu um 1,5% frá janúar til maí. Tekjur grundvallarins er kr. 26.219.837. Staðfesting grundvallarins var frestað.

7. Afkoma mjólkuriðnaðarins 2014, staða og horfur.

Lagðar voru fyrir afkomutölur Auðhumlu svv og Mjólkursamsölunnar ehf fyrir árið 2014. Á samantekt verðlagsgrundvalla kúabús á tímabilinu mars - júní 2015 er hækkunarþörf á lágmarksverði til bænda 2,21% eða 84,75 kr.ltr.

Samkvæmt rekstrarreikningi Mjólkursamsölunnar ehf var hagnaður MS um 1% af veltu fyrirtækisins eða 258 milljónir eftir skatta. Einnig var rekstrarreikningur Auðhumlu svv ræddur og þar er hagnaður eftir skatta 435 milljónir. Rætt var um breytingu á launavísitölu sem hefur hækkað um 10,5% á síðustu tveimur árum á meðan aðrar vísitölur hafa hækkað um 4,4%. Hefur sú þróun haft veruleg áhrif á rekstrarafkomu MS ásamt auknum raforkukostnaði. Þá voru lögð fram drög að reiknaðri hækkun samkvæmt módeli á gjaldaliðum mjólkursamlaga sem sýnir hækkunarþörf um 3,34% frá síðustu verðlagningu 1. október 2013, en þar hefur hvorki verið tekið tillit til nýgerðra kjarasamninga né hækkana á raforkuverði.

8. Önnur mál.

Umræður voru um úrvinnslu búreikninga sem hefur verið í umsjón Hagstofunnar frá árinu 2012. Ekkert hefur verið gefið út vegna ársins 2013 og er það bagalegt hvað útgáfa þeirra hefur dregist.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir

264. fundur

Þriðjudaginn 14. júlí 2015, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Guðrún Sigurjónsdóttir, Jóhannes Æ. Jónsson, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Sigurður Loftsson og Sverrir Björn Björnsson. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

1. Fundargerð 263 fundar og dagskrá.

Formaður bauð fullskipaða verðlagsnefnd velkomna til starfa og lagði fram dagskrá sem var samþykkt. Afgreiðslu fundargerðar síðasta fundar var frestað vegna villu í framreikningi á verðlagsgrundvelli Hagstofunnar frá febrúar til maí 2015.

3. Umfjöllun um óstaðfesta verðlagsgrundvelli.

- Tekinn var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. júní 2014, og var hann staðfestur.
- Tekinn var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. september 2014, og var hann staðfestur.
- Tekinn var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. desember 2014, og var hann staðfestur.
- Tekinn var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2015. Staðfesting grundvallar var frestað.
- Lagður var fram leiðréttur framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. júní 2015. Staðfesting grundvallarins var frestað þar sem í ljós kom villa í útreikningum Hagstofunnar á lið 11, launalið.

4. Verðlagsmódel mjólkuriðnaðarins – verðlagning.

Forsendur verðlagningar voru settar inn í módel er nefndin hefur notað við verðlagningu og voru útreikningar gerðir jafnóðum, en fulltrúi frá SAM aðstoðaði við þá vinnu. Útreikningar byggðu á verðlagsgrundvöllum kúabús og hækkunum á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur frá því síðast var verðlagt. Samkvæmt þeim verðlagsgrundvöllum var um að ræða 1,7% hækkun frá 1. september 2013, en reiknuð hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaður frá september 2013 til júlí 2015 er 4,04%. Ef tekið er tillit til nýgerða kjarasamninga er hækkunarþörf vinnslu- og dreifingarkostnaðar 6,65%.

Samhljóða ákvörðun var tekin um að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum, sem nefndin verðleggur, hækki 1. ágúst 2015 um 3,58%. Frá sama tíma hækkar afurðastöðvaverð til bændu um 1,47 kr. á lítra mjólkur, þ.e. úr 82,92 kr., í 84,39 kr. ltr. eða um 1,77%. Þá hækkar vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur einnig um 4,27 kr.ltr. eða 5,53%. Samanlögð hækkun heildsöluverðs er því 5,74 kr. á hvern lítra mjólkur. Ákveðið var að hækka smjör sérstaklega eða um 11,6%, þar sem verð á smjöri hefur verið undir framleiðslukostnaði. Sú hækkun eykur tekjur iðnaðarins um 57,4 millj. króna á ári.

5. Önnur mál.

Formaður greindi frá að í nýsamþykktum búvörulögum nr. 46/2015 mun verðlagsnefnd auglýsa verðskráningu mjólkur í stað Bændasamtaka Íslands. Þá voru lagðar fram upplýsingar um þróun smásöluverðs á mjólkurvörum frá síðustu verðlagningu þann 1. október 2013.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

265. fundur

Fimmtudaginn 20. ágúst 2015, kom verðlagsnefnd búvara saman til fundar í fundarsal á 1. hæð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Skúlagötu 4.

Þeir sem sátu fundinn voru: Ólafur Friðriksson, formaður, Björg Bjarnadóttir, Jóhannes Æ. Jónsson, Sigurgeir Sindri Sigurgeirsson, Sigurður Loftsson og Sverrir Björn Björnsson. Guðrún Sigurjónsdóttir var fjarverandi. Kristín Sigfúsdóttir ritaði fundargerð.

Þetta gerðist á fundinum:

Formaður tók þetta fyrir samkvæmt dagskrá:

- Fundargerðir 263. og 264. fundar og dagskrá.** Formaður bauð fundarmenn velkomna og lagði fram dagskrá sem var samþykkt. Fundargerðir 263. og 264. fundar teknar fyrir og samþykktar.
- Um fjöllum um óstaðfesta verðlagsgrundvelli:**
 - Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2015. Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. mars 2015 ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Gerð var breyting 1. mars 2015 vegna breytts vaxtastigs úr 4,25% í 4,40%. Þar af leiðandi hefur sá liður hækkað frá því í desember 2014 um kr. 96.161 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.308.243. Grundvöllurinn hefur hækkað um liðlega 0,6% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.060.280 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Tekjur grundvallarins er kr. 26.219.837. Grundvöllurinn var staðfestur.
 - Verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. júní 2015. Lagður var fyrir framreiknaður verðlagsgrundvöllur kúabús frá 1. júní 2015, ásamt útreikningi vaxtagjalda frá Deloitte ehf. Þar kemur fram að sá liður hækkaði frá því í mars 2015 um kr. 3.315 og eru vaxtagjöld samtals kr. 2.311.558. Grundvöllurinn hefur hækkað um tæplega 1,74% frá 1. september 2013 og er heildarkostnaður nú alls kr. 35.453.264 en var kr. 34.846.052 í september 2013. Hefur þar einkum áhrif hækkun launavísitölu um 1,5% frá janúar til maí. Tekjur grundvallarins er kr. 26.219.837. Grundvöllurinn var staðfestur.
- SAM, yfirlit yfir sölu- og birgðartölur mjólkur og mjólkurafurða júlí 2015.** Farið var yfir sölu og birgðatölur júlí 2015. Þar kemur fram að innvegin mjólk síðustu 12 mánaða eru rúmlega 139 millj. lítra og eru horfur á að mjólkurframleiðsla verði 142 til 143 millj. lítra á árinu og er heildaraukning 8,82% milli ára. Heildargreiðslumark er 140 millj. lítra. Aukning í sölu fituríkra mjólkurafurða heldur áfram á innanlandsmarkaði en próteinríkar vörur eru aðal útflutningsvaran.
- Erindi frá Kú ehf.** Tekið var fyrir bréf til verðlagsnefndar dags. 4. ágúst 2015 frá Ólafi Magnússyni framkvæmdastjóra Kú ehf., þar sem verðhækkun á ógerilsneyddri hrámjólk er mótmælt og óskað eftir skýringum frá nefndinni. Þá er í bréfinu kvartað yfir því að bréfum frá Mjólk ehf og Mjólkurbúinu til verðlagsnefndar hafi ekki verið svarað frá árinu 2009. Formanni var falið að svara erindinu.
- Starfið framundan.** Í framhaldi af umræðum um að hækka heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum um 3,58% 1. ágúst sl. ákvað nefndin að óska eftir því við endurskoðunarskrifstofuna Deloitte að hún uppfæri forsendur sem lágu til grundvallar, sem nefndin byggði verðlagningu á, varðandi ógerilsneydda mjólk í lausu máli og tók gildi 1. apríl 2014. Formaður mun á næsta fundi leggja fram drög að verklagsreglum nefndarinnar. Í skýrslu ríkisendurskoðunar frá því í apríl 2015 er lagt til að nefndin starfi samkvæmt skráðum verklagsreglum og hefur ráðuneytið tekið undir þær ábendingar.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Ólafur Friðriksson

Kristín Sigfúsdóttir